

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á lögum um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 2. febrúar 1998 að tillögu sjávarútvegsráðherra staðfest leiðrétt frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1944, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, eins og það var samþykkt á stjórnskipulegan hátt á Alþingi hinn 17. desember 1996. Leiðréttingin varðar 4. gr. laga nr. 152/1996 og hljóðar svo:

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Fyrir 1. september ár hvert skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra til staðfestingar sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. febrúar 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.